



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 274 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 18. Nóvember 2019 kl. 17:00 í Kötłusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið úr auglýstri dagskrár:

Hátún spennistöð – Umsókn um byggingarleyfi.

Í samræmi við j.mgr. 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar 112/2012 smádreifistöðvar fyrir raforkudreifingu eru undanþegnar byggingarleyfi.

-Samþykkt samhljóða

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Austurvegur 20 – Umsókn um stöðuleyfi.

Ágúst Þór Eiríksson f.h. Verslunarmiðstöðin Vík ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir stytta við Austurveg 20, í samræmi við framlögð gögn.

Afgreiðslu málsins frestað vegna formgalla, byggingarfulltrúa falið að fylgja málínú eftir.

- Samþykkt samhljóða

2. Fagraldalur – Umsókn um byggingarleyfi.

Jónas Erlendsson sækir um byggingarleyfi fyrir niðurgrafna geymslu við Fagradal í samræmi við framlögð gögn.

- Samþykkt samhljóða

3. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag vegna Péturseyjar 2.

Skipulagið var auglýst frá 13. maí 2019 til 24. júní 2019 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands.

*Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra umsagna.
Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málínú.*

- Samþykkt samhljóða

4. Sléttuvegur 2 - 2a – Breyting á hönnunargögn.

Nýr aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Skipulagsnefnd telur að fækken verslunar- og þjónusturýmis í húsinu samræmist ekki fyrri hugmyndum um nýtingu lóðarinnar og vísar í gr. 4.2, V1 í deiliskipulagi austurhluta Víkur, lóðir fyrir verslun og þjónustu „Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustu starfsemi, m.a. ferðaþjónustu“. Sléttuvegur 2-2a er síðasta verslunar og þjónustulóðin með ósamþykkt byggingarleyfi með möguleika á verslunarrýmum.


Einnig leggst skipulagsnefnd gegn breytingum á aðaluppdráttum þar sem það mun seinka ennfrekar framkvæmdum á lóðinni. Samkvæmt 10. gr. úthlutunar reglna Mýrdalshrepps fellur frestur til að hefja framkvæmdir fellur niður 24. desember 2019. Lóðinni var upphaflega úthlutað fyrir þremur árum og er því búið seinka framkvæmdum fram úr hófi.


- Samþykkt samhljóða

5. Umferðamerki í Vík


Tillaga lögð fram til umræðu.

Fundi slitið klukkan 19:13


Drífa Bjarnadóttir


Jónas Erlendsson


Óðinn Gíslason


Kristján Þórðarson


George Frumuselu


Páll Tómasson